

Frá ritstjóra



Sigrún Harðardóttir
PhD, lektor við Félags-
ráðgjafardeild Háskóla
Íslands

Þá er komið að því að fylgja *Tímariti félagsráðgjafa* úr hlaði. Þetta er ellefti árgangur tímaritsins. Sem fyrr liggur mikil vinna að baki útgáfunni og margir hafa lagt hönd á plóg. Sú nýbreytni varð í vinnslu þessa heftis að höfundar ritrýndra greina skiluðu þeim inn á vefsvæði tímaritsins þar sem samskipti við ritstjórn fóru jafnframt fram í gegnum allt ritrýningarferlið.

Í þessu hefti er lögð áhersla á fjölbreytt efni, bæði fræðilegs og almenns efnis, og fréttir af vettvangi ásamt umfjöllun um nýjar bækur og samfélagsleg málefni sem varða störf félagsráðgjafa. Í blaðinu er einnig umfjöllun um Félagsráðgjafaþingið 2017, fréttir af nýjum sérfræðingum í félagsráðgjöf, pistill Maríu Rúnarsdóttur formanns og ágríp af 50 ára sögu félagsins. Til viðbótar er sérstök áhersla lögð á nýsköpun og störf félagsráðgjafa á nýjum starfsvettvangi.

Á haustmánuðum síðastliðins árs barst ritstjórn til eyrna að tímaritið væri of þungt aflestrar og að margir félagsmenn væru hættilir að lesa það. Má atla að ástæðan sé sú að mikið er af ritrýndum fræðilegum greinum í blaðinu. Sú áhersla ritstjórnar að birta fræðilegar greinar í tímaritinu hefur byggst á þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið á undanförunum árum, að tímaritið sé fyrst og fremst vettvangur vísindagreina í þeim tilgangi að efla faglega þekkingu félagsráðgjafa. Engu að síður þótti ritstjórn brýnt að bregðast við þessari framkomnu gagnrýni með það í huga að kanna til hlítar skoðanir og sýn félagsmanna á ritstjórnarstefnu tímaritsins og þróun tímaritsins á komandi árum.

Af því tilefni var ákveðið að boða til fundar með félagsráðgjöfum í lok október til að fara yfir málin. Til

fundarins voru boðaðir 50 félagsmenn úr hópi fulltrúa fagdeilda og nefnda innan FÍ, fulltrúa úr fagráði TF og frá HÍ og fulltrúa félagsmanna með sérfræðileyfi. Til fundarins mættu 10. Þær umræðuspurningar sem lágu til grundvallar á fundinum sneru meðal annars að núverandi markmiðum tímaritsins, hvernig hægt væri að virkja félagsmenn til að skrifa almennar greinar, hugsanleg þróun tímaritsins í nánustu framtíð og hvert hlutverk fagdeilda og sérfræðinga við miðlun efnis ætti að vera. Niðurstöður fundarins voru um margt áhugaverðar. Það var mat fundarmanna að bæði ritrýndar greinar og almennt efni ætti erindi til félagsmanna en hins vegar mætti velta fyrir sér boðleiðum, þ.e. hvort hægt væri að fjölga leiðum við miðlun efnis. Þá kom fram skýr áhersla á mikilvægi þess að félagsráðgjafar skrifuðu í tímaritið greinar um áhugaverð tilrauna- og þróunarverkefni sem þeir væru að vinna að á vettvangi. Auk þess kom fram áhugi á að fá umfjöllun um siðferðileg álitamál í starfi félagsráðgjafa. Niðurstöðurnar í heild mun ritstjórn hafa til hliðsjónar í störfum sínum og leitast við að fá frekara samtal við félagsmenn um hagnýtingu tímaritsins og framtíð þess.

Ég þakka ritstjórn fyrir gott samstarf og ritrýnum fyrir sitt framlag. Félagsráðgjafafélaginu og starfsmönnum er einnig þakkað fyrir gott samstarf og öllum öðrum sem veittu stuðning við að gera tímaritið sem best úr garði eru færðar bestu þakkir. Auk þess þakka ég Merði Árnasyni fyrir ánægjulegt samstarf og vandaðan yfirlestur á handritum og próförlum. Að loknum tveimur skemmtilegum og lærdómsríkum árum sem ritstjóri tímaritsins hef ég nú ákveðið láta af störfum. Með ósk um velfarnað tímaritsins á komandi árum.

Sigrún Harðardóttir, ritstjóri